

GJALDSKRÁ

RARIK ohf. fyrir sölu á heitu vatni.

1. Sala á heitu vatni.

Taxti	Tegund	Eining	Án vsk	Með 2% auðlinda-skatti	Með 11% vsk	Skýringar
Seyðisfjörður, fjarvarmaveita.						
H1	Fastagjald	kr./ár	43.339	44.205	49.068	Íbúðarhús
	Vatnsgjald	kr./m ³	119,66	122,06	135,48	
	Orkugjald	kr./kWh	8,73	8,90	9,88	
H2	Fastagjald	kr./ár	43.339	44.205	49.068	Annað en íbúðarhús, niðurgreiðslu
	Vatnsgjald	kr./m ³	119,66	122,06	135,48	
	Orkugjald	kr./kWh	9,11	9,29	10,31	
H23	Fastagjald	kr./ár	43.339	44.205	49.068	Stórnot/sundlaugar, á niðurgreiðslu
	Vatnsgjald	kr./m ³	240,49	245,30	272,29	
Höfn, hitaveita.						
H81	Fastagjald	kr./ár	41.678	42.512	47.188	
	Orkugjald	kr./kWh	6,03	6,15	6,83	
Siglufjörður.						
HV4	Fastagjald	kr./ár	31.487	32.117	35.650	
	Orkugjald	kr./kWh	3,67	3,74	4,16	
Dalabyggð.						
HV6	Fastagjald	kr./ár	42.334	43.181	47.931	Hús í þéttbýli
	Orkugjald	kr./kWh	4,94	5,04	5,59	
H61	Fastagjald	kr./ár	25.874	26.391	29.294	Hús í dreifbýli
	Hemilgjald	kr./l/mín/ár	51.750	52.785	58.591	
H63	Fastagjald	kr./ár	25.874	26.391	29.294	Lögbýli, 25 kW
	Hemilgjald	kr./ár	280.291	285.897	317.346	
Blönduós/Skagaströnd.						
HV7	Fastagjald	kr./ár	42.334	43.181	47.931	Hús í þéttbýli og við stofnlögn
	Orkugjald	kr./kWh	4,94	5,04	5,59	

Minnsta sölumagn um hemil er 3 l/mín.

Eftir tilkomu orkumæla stefnir RARIK á að afleggja sölu um hemil úr hitaveitukerfi RARIK og í stað þess að taka upp sölu um orkumæla. Því er taxti H61 ekki í boði fyrir nýja notendur.

2. Niðurgreiðslur og virðisaukaskattur.

2.1 Niðurgreiðslur.

Orkustofnun hefur umsjón með niðurgreiðslum, sjá nánar á vef Orkustofnunar: www.os.is.

2.2 Virðisaukaskattur.

Virðisaukaskattur á húshitun er 11%. Virðisaukaskattur á tengigjöld til húshitunar er 11%, önnur tengigjöld bera 24% vsk. Virðisaukaskattur af þjónustu ræðst af veitutaxta.

2.3 Umhverfis- og auðlindaskattur.

Skattur á smásöluverð af heitu vatni er 2%.

3. Tengigjöld.**3.1 Tengigjöld í þéttbýli.**

Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er 493.745 kr. án vsk.

Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast 127.727 kr. án vsk.

3.2 Takmörkun.

RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

3.3 Aukakostnaður.

Sé fyrrisjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en gildandi gjaldskrá segir til um samkvæmt lið 3.1 skal greiða þann áætlaða kostnað sem umfram er.

3.4 Tengigjöld í dreifbýli, frávik og breytingar.

Gjöld fyrir dreifbýli og við fullfrágengnar götur svo og aðrar stærðir heimæða í þéttbýli en um getur að ofan svo og fyrir breytingar greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.

3.5 Endurtenging.

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði má búast við aftengingu heimæðar. Falli notkun um heimæð niður í að minnsta kosti 1 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta H1 fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu auk endurtengingargjalds 43.394 kr. án vsk. Gjald fyrir lokun veitu þar sem að grafa þarf niður á lögn er 189.902 kr. án vsk.

3.6 Annað.

Heimæðar eru í eigu RARIK en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

4. Þjónusta.**4.1 Vanskilainnheimta VII00.**

Gjald lagt á útsendingu innheimtubrúefs samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 37/2009, um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

4.2 Veitulokun VI200.

		Án vsk
Gjald fyrir lokun veitu á vinnutíma	kr./lokun	17.869
Gjald fyrir opnun veitu á vinnutíma	kr./opnun	0
Gjald fyrir opnun veitu utan vinnutíma	kr./opnun	35.733
Innheimtugjald vegna vanskila:		
Gjald fyrir lokun veitu þar sem að grafa þarf niður á lögn		189.902

4.3 Mælaálestrar VP100.

Reglubundnir álestrar	kr./álestur	0
Aukaálestur starfsmanns veitu	kr./álestur	7.443
Aukaálestur, sjálfsálestur notanda	kr./álestur	0

4.4 Útkall VP300.

Útkall á vinnutíma	kr./útkall	17.869
Útkall utan vinnutíma	kr./útkall	35.733

4.5 Seðilgjald.

Seðilgjald	kr./reikn.	240
------------	------------	-----

5. Almennar skýringar.**5.1 Innheimtugjald.**

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu, lagt á við útsendingu innheimtubrúefs.

5.2 Lokunargjald.

Gjöld til greiðslu kostnaðar við að loka og opna fyrir afhendingu á heitu vatni.

5.3 Aukaálestrar.

Aukaálestrar skulu að jafnaði fengnir með sjálfsálestri notanda sem komið er til skila gegnum síma, skriflega eða með innslætti á vef RARIK.

5.4 *Útkall.*

Útkall vegna bilunar sem reynist vera í veitu (kerfi) notanda skal hann greiða samkvæmt gjaldskránni.

5.5 *Greiðslumátagiöld.*

Greiðslumáti er samheiti yfir það með hvaða hætti reikningur sem til verður í reikningskerfi er gerður greiðsluhæfur fyrir viðskiptavin. Dæmi um greiðslumáta: beingreiðsla, boðgreiðsla, bankagreiðsla á greiðsluseðli, greiðsla í heimabanka, rafrænn greiðslumáti o.s.frv.

6. Gildistaka og brottfall eldri gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn RARIK ohf., sbr. 6. gr. laga nr. 25/2006, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að taka gildi 1. nóvember 2023. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá RARIK ohf. sama efnis, nr. 400/2023.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 17. október 2023.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrasón.

Hreinn Hrafnkelsson.